



Fundargerð

30. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
fimmtudaginn 18. febrúar 2016 kl. 20:00 í sal E, á 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ

Mætt: Einar Vilhjálmsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Jón H Steingrímsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Árni Þorsteinsson, framkvæmdastjóri. Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.
Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar. Samþykkt.
2. Fundargerðir. Fundargerð 29. og 30. fundar samþykkt að samþykkja þær endanlega í tölvupóstssamskiptum.
3. Fjármálin: Gerð ársreikninga miða vel og stjórn fagnar fyrirsjáanlegum viðsnúningi í afkomu sambandsins.
4. Formannafundur: EV kynnti vilja og áform um að boða til fundar með formönnum félagar, nefnda- og ráð FRÍ með stjórn FRÍ á næstu helgum til að undirbúa komandi þing og m.a. þau mál sem á 59. þingi var vísað til millipinganefndar s.s. málefni er varða Bikarkeppni FRÍ.
 - 4.1. Bikarkeppni FRÍ - Stefán Skafti mun leiða starfið f.h. stjórnar.
 - 4.2. Mótarið FRÍ - á Mótamálafundinu FRÍ 31. Október 2015 var samþykkt að félögin sem taka þátt í mótariðinni stofni hóp og fari yfir mótariðina almennt, greinar, verðlaun, dagsetningar og sjái jafnvel um framkvæmd mótariðarinnar að öðru leiti. Ekkert hefur heyrst um gang þess verkefnis og því vísað til framkvæmdastjóra að hlutast til um að verkefnið fari af stað og verkferlar og verksvið skilgreint.
 - 4.3. Afreksstefna FRÍ var ekki afgreidd með formlegum hætti á 58. né 59. þingi FRÍ og því aðkallandi að hún verði samþykkt á 60. þingi sambandsins. Formaður ÍPA Unnur Sigurðardóttir, formaður Unglinganefndar Fríða Rún Þórðardóttir og Sigurður Einarsson nefndarmaður ÍPA mun m.a. koma að tillögugerð um Afreksstefnu FRÍ.
5. 60. þing FRÍ umræð um tímasetningu og staðsetningu
 - 5.1. EV tók til almennrar umræðu skiptingu verkefna fyrir komandi þinghald og vilja stjórnarmanna til áframhaldandi starfa. Stjórnarmenn voru fúsir til starfa og engin staðfest áform til að draga sig í hél frá störfum í stjórn ef því væri að skipta. EV staðfesti hið saman en upplýsti að hann væri fús til að skap svigrúm fyrir dugmikinn einstakling í embætti formanns sambandsins og væri reiðubúinn til að aðstoða viðkomandi eins og óskað væri eftir hvort heldur sem stjórnarmaður eða utan hennar. Rætt var um staðsetningu fyrir þingið og ákveðið að skoða það nánar en þó ljóst að hagkvæmast væri fyrir sambandið að halda þingið á höfuðborgarsvæðinu.
 - 5.2. Framkvæmdastjóra var falið að óska eftir starfsskýrslum frá öllum nefndum og ráðum, ritstýra skýrslugerðinni og ganga frá gögnunum til endanlegrar birtingar.
 - 5.3. JHS mun sjá um frágang á fjármálahluta skýrslunnar
 - 5.4. Lóa Björk mun ritstýra starfsskýrslu stjórnar fyrir 2014 og 2015, taka saman texta um mót og viðburði sem framkvæmdir voru á árunum.
 - 5.5. Skafti mun skila gögnum til orðunefndar og fylgja eftir framkvæmd þess verkefnis.
6. Uppskeruhátíð FRÍ. Lóa Björg og Stefán Skafti eru að vinna að undirbúningi og framkvæmd uppskeruhátíðar FRÍ og líkindi til þess að tillaga þeirra verði laugardagskvöldið 30. apríl.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:25.